

Nr. 078/ 12 Aggi SI 8***Eldur í vélarúmi og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 6607
Smíðaður: Hafnarfirði 1985, plast
Stærð: 5,9 brl. 5,7 bt.
Mesta lengd: 8,45 m Skráð lengd: 8,43 m
Breidd: 2,58 m Dýpt: 1,44 m
Vél: Volvo Penta 119 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 1



Gögn:
Gögn RNS

Aggi©Alfons Finnsson

Málið afgreitt á fundi 29. október 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 11. júlí 2012 var Aggi SI 8 á siglingu til Siglufjarðar. Veður: Logn.

Þegar báturinn var staddur í Haganesdýpi varð skipstjóri var við að reyk lagði frá vélarúminu og brunaviðvörðunarkerfið fór í gang. Skipstjórinn stöðvaði vélina en komst ekki í vélarúmið vegna afla sem var ofan á vélarúmslúgunni. Skipstjórinn óskaði eftir aðstoð og Hafborg SI kom fljótlega á staðinn og dró Agga SI til Siglufjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að ekki er alveg ljóst hvað bilaði en talið var af sérfræðiaðilum að lega í vatnsdælu hefði gefið sig og eldur myndast í kringum hana;
- að talsverðar skemmdir urðu á vélinni og þurfti að taka hana í land til viðgerða;
- að þetta var þriðja dælan sem gaf sig í bátnum á u.þ.b. 1 ½ ári og án viðhlítandi skýringa þrátt fyrir umhirðu af sérfræðiaðilum.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.